Kennsluakademía: Ráðstefna um háskólakennslu 20.11.26

Ágrip að erindi: **Nám sem þátttaka**

Höfundur: Hafþór Guðjónsson

Að læra, segir hefðin, merkir að taka við þekkingu. Þetta *viðhorf, viðtökuviðhorfið* sem ég kalla svo, hefur gegnsýrt skólastarf hér á landi sem annars staðar og orðið ríkjandi í þeim mæli að líklega hefði mönnum ekki dottið í hug að hugsa um nám á annan hátt ef *þátttökuviðhorfið* hefði ekki komið fram á sjónarsviðið undir lok síðustu aldar. Fremst í þeim flokki var mannfræðingurinn Jean Lave. Árið 1991 sendu hún og samstarfsmaður hennar, Etienne Wenger, frá sér bók um þetta efni, *Situated learning - legitimate peripheral participation*. Höfundar benda á að flestar kenningar skilgreini nám sem viðtöku þekkingar en líti framhjá þeirri staðreynd að nám eigi sér alltaf *félagslega* vídd. Nám, segja þau snýst ekki bara um heilann. *Manneskjan* lærir. Og nám snýst ekki bara um upplýsingar. Þær eru bara hluti af dæminu. Að læra merkir að *verða til*, verða fullgildur þátttakandi í samfélagi manna. Og það verðum við með því að *taka þátt* í athöfnum með öðrum. Við lærum til verka með því að starfa með öðrum, við lærum að tala með því að tala við aðra og við lærum að hugsa með því að hugsa með öðrum, verðum þá færari til verka og færari til samskipta og færari til að hugsa því í gegnum þátttöku eignumst við ný orð og talshætti og sjónarhorn sem opna okkur nýja heima og auðvelda okkur að útskýra hluti fyrir öðrum.

Í auglýsingu fyrir ráðstefnu þessa er spurt „hvernig háskólar geti hlúð að mannlega þættinum með því að stuðla að öflugu, skapandi og styðjandi námsumhverfi með virkri þátttöku nemenda.“ Við blasir, sýnist mér, að þátttökviðhorfið geti hjálpað okkur að þróa slík námsumhverfi.